UST
Umhverfisstofnun
Environment and Food Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland
(+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Auður Ýr Sveinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. júlí 2005
Tilvísun: UST20050600242/tb

**Efni: Framleiðsla vörubretta við Bjarnaflag, matsskylda**

Vísað er í bréf frá Skipulagsstofnun, dags. 29. júní 2005, þar sem óskað er eftir áliti Umhverfisstofnunar um hvort framleiðsla vörubretta við Bjarnaflag skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000.

**Inngangur:**

Fyrirhuguð verksmiðja er í sama húsnæði og áður hýsti Kísiliðjuna í Mývatnssveit. Ekki er gert ráð fyrir nýjum húsum eða vegum. Svæðið er nú þegar skipulagt sem iðnaðarsvæði og þarf því ekki að breyta skipulagi. Ekki er gert ráð fyrir neinu frárennsli frá verksmiðjunni vegna framleiðslunnar. Gert er ráð fyrir að vatnsnýting verði í lokuðu kerfi sem á þarf að bæta um 66 tonnum af vatni á dag við fulla framleiðslu. Útblástur verður að mestu vatnsgufa. Ekki er gert grein fyrir því hvort önnur efni en vatn eru í gufunni. Gert er ráð fyrir að nota um 240 tonn af paraffín vaxi og 240 af álsúlfati árlega við framleiðsluna. Um 120 tonn af föstum úrgangi myndast við fulla framleiðslu, aðallega vegna ýmislegs úrgangs sem fylgir pappírnum sem verður notaður. Ekki er gert ráð fyrir að ný efnasambönd myndist við framleiðsluna.

**Niðurstaða:**

Umhverfisstofnun hefur farið yfir þau gögn sem fylgja framangreindu erindi. Stofnunin telur að framleiðsla vörubretta í Bjarnaflagi eins og henni er lýst og að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000 sé ekki líkleg til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum

Virðingarfyllst

Trausti Baldursson

Helgi Jensson

Afrit: Skútustaðahreppur